

um vissan tíma, verður, ef þörf gjörist, eins og beiðandi æskir, 1855.
að láta málið ganga til dóms og laga. 13. septbr.

**43. Brjef innanríkisstjórnarinnar til byskups um jarða- 27. septbr.
matsnefndina¹.**

Konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi Melstedt amtmaður hefur, um leið og hann skýrði frá að alþingi hefði fallið á frumvarp stjórnarinnar, er fyrir það var lagt, um meðferð jarðamatsmálsins, og að síðan samkvæmt frumvarpinu hefði verið kosin nefnd og væru í henni kanseliráð, land- og bæjarfógeti V. Finsen, er væri forseti, og þeir er alþingi hefði kosið: Jón Pjetursson, landsyfyrjettardómari og Jón Guðmundsson lögfræðingur í dönskum lögum, eptir ósk nefndarinnar, beðið stjórnina um að það verði boðið yfirvöldunum á Íslandi að útvega nefndinni þær skýrslur um jarðamatið, er hún vildi fá og áleti nauðsynlegar til að koma málinu í lag.

Sökum þessa vildi jeg þjónustusamlega biðja yður háæruverðugi herra að bjóða próföstunum á Íslandi að útvega skýrslur þær um jarðamatið, er nefnd sú, er áður er getið, kynni að æskja og senda yður þær, svo að þjer síðan getið fengið nefndinni þær í hendur.

**44. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í 18. októbr.
norður og austurumdæminu um málið á skjölum
sem send eru til stjórnarinnar².**

Eins og sjest af meðfylgjandi brjefi frá sýslumanni Arnesen kammerráði 6. júlí þ. á., hefur nefndur embættismaður spurt

¹) áþekk brjef eru sama dag skrifuð stiptamtanni og amtmönnum, um að bjóða sýslumönnum að útvega og senda nefndinni skýrslur um jarðamat.

²) sbr. brjef innanríkisstjórnarinnar 14. júlí 1854.